

**Samruni Pizza-pizza ehf. og G. Arnfjörð ehf.****I.****Málavextir og málsmeðferð**

Hinn 5. júlí 2016 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Pizza-pizza ehf. (Pizza-pizza) á og G. Arnfjörð ehf. (hér eftir G. Arnfjörð). Eftirlitinu barst samrunaskrá sem var í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Um var að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008. Greiðsla samrunagjalds var innt af hendi þann 5. júlí 2016. Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga með öðrum hætti. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið hér.

**II.****Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í því tilviki sem hér er um að ræða hefur Pizza-pizza keypt hluta rekstrar G. Arnfjörð, en félagið tekur yfir réttindi og skyldur G. Arnfjörð samkvæmt leigusamningum um Ánanaust 15 og Gnoðarvog 44 í Reykjavík, ásamt því að kaupa búnað sem tilheyrir þeim veitingastöðum. Vísað er til þess í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins að samruninn falli undir a-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga, en þar segir m.a. að samruni verði þegar einn, eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti. Þá er tekið fram í sömu tilkynningu að ekki sé um að ræða samruna í skilningi félaga- eða skattaréttar. Ekki fylgja kaupunum starfsmenn, viðskiptasambönd eða samningar við birgja, heldur er, samkvæmt samrunaaðilum, aðeins um að ræða yfirtöku á leigusamningi og kaup á búnaði.

Samkvæmt samrunaskrá er aðalmarkmið Pizza-pizza með samrunanum að styrkja rekstur félagsins og auka við þjónustuframboð þess með fjölgun staða, en félagið hyggst opna veitingastaði á ofanefndum stöðum undir merkjum Domino's, og nýta sér með



þeim hætti þá þekkingu og reynslu sem til staðar er innan félagsins, en Pizza-pizza er rekstraraðili Domino's á Íslandi.

## 1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

G. Arnfjörð er rekstraraðili Pizzunnar á Íslandi en undir því merki verða eftir samruna þennan reknir fimm veitingastaðir á höfuðborgarsvæðinu. Pizzan er, eftir orðanna hljóðan, veitingastaður sem selur pizzur og tengdar vörur, þ.e. skyndibita, sem annað hvort eru afhentir kaupendum á staðnum eða sendir kaupendum gegnum heimsendingaþjónustu. G. Arnfjörð er í eigu eins einstaklings og dótturfélag þess er Ruby sem rekur veitingastaði undir merkjum Ruby Tuesday á Íslandi.

Pizza-pizza rekur, eins og áður segir, skyndibitastaði undir merkjum Domino's á Íslandi. Alls eru 19 sölustaðir á landinu sem selja vörur undir merkjum Domino's, velflestir á höfuðborgarsvæðinu. Domino's er veitingastaður sem selur pizzur og tengdar vörur, þ.e. skyndibita, sem annað hvort eru afhentir kaupendum á staðnum eða sendir kaupendum gegnum heimsendingaþjónustu. Auk þess rekur félagið framleiðslu- og birgðastöð sem og þjónustuver fyrir sölustaði Domino's.

Pizza-pizza er að meirihluta í eigu Eyju fjárfestingafélags II ehf. (Eyju II) og Domino's Pizza Group PLC, sem nýlega festi kaup á sínum hlut í félaginu, og í eigu þriggja einstaklinga að minnihluta. Eigendur Eyju II eru Eyja fjárfestingafélag ehf. (Eyja) og Edda slhf. (Edda), en fjallað var um kaup Eddu á hlut í Eyju II í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 5/2015, *Kaup Eddu slhf. á hlut í Pizza-pizza ehf. og BHB Fasteignum ehf.* Edda er fagfjárfestastjóður undir yfirráðum Virðingar hf. (Virðingar). Fer Virðing með daglegan rekstur félagsins og stjórnarformaður og starfsmenn Virðingar sitja í stjórn Eddu. Virðing kemur að rekstri nokkurra fyrirtækja í gegnum Eddu og önnur sambærileg fjárfestingafélög, t.a.m. Yggdrasils ehf., Agóru ehf., 365 miðla ehf., Já hf., Íslenska Gámafélagsins ehf., Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. og Gagnavörslunnar ehf.

Eigendur Eyju eru tveir einstaklingar sem eru þ.a.l. óbeinir hluthafar í Pizza-pizza og fleiri fyrirtækjum í veitingarekstri á Íslandi, þ.e. Joe Iceland ehf. sem rekur Joe & the Juice sem og Gló eignarhaldsfélagi ehf. sem rekur veitingastaði undir nafninu Gló. Eyja á einnig meirihluta í félaginu Jubileum ehf. sem rekur veitingahúsin Jómfrúna og Snaps. Þá hefur Eyja yfirráð yfir HRC Íslandi ehf. sem hefur fengið sérleyfi til rekstrar Hard Rock Café á Íslandi, en sá staður hefur ekki hafið starfsemi enn. Annar eigenda Eyju er stjórnarformaður í öllum félögum.

Samrunaaðilar starfa, að mati þeirra sjálfra, á sama þjónustumarkaði, þ.e. markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði og er í samrunaskrá vísað til ákvarðana Samkeppniseftirlitsins nr. 35/2011, *Kaup FoodCo. hf. á öllu hlutafé í Shiraz*, og nr. 5/2015, *Kaup Eddu slhf. á hlut í Pizza-pizza ehf. og BHB Fasteignum ehf.* Í samrunaskrá er miðað við að þjónustumarkaður málsins sé markaður fyrir veitinga- og skyndibitastaði og vísað er til ofangreindra ákvarðana Samkeppniseftirlitsins því til stuðnings. Greint er frá því að skyndibitastaðir hafi almennt verið flokkaðir með öðrum veitingastöðum, bæði af Hagstofu Íslands og eins í þeim málum sem þegar hafi komið til kasta Samkeppniseftirlitsins. Samrunaaðilar telja sömu rök eiga við í máli þessu eins og þeim



málum sem vísað er til hér að ofan, þ.e. að veitingastaða- og skyndibitastaðamarkaður teljist einn heildarmarkaður, enda, að mati samrunaaðila, mörkin óljós og mikil framboðsstaðgangur milli veitingastaða sem bjóði eingöngu upp á skyndibita og þeirra sem einnig framreiði dýrari mat.

Samkeppniseftirlitið hefur ekki séð ástæðu til þess að vera ósammála framangreindu mati hingað til, í þeim málum sem komið hafa til kasta eftirlitsins tengd ofangreindum mörkuðum. Leiða má þó að því líkum að mögulegt sé að skilgreina undirmarkaði á ofanefndum heildarmarkaði. Þá yrði m.a. horft til verðlags á veitingum, framreiðslu þeirra og umgjörðar að öðru leyti, líkt og fjallað var um í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2016, *Samruni B2B ehf. og Café Parísar*.

Í máli þessu er um að ræða samruna tveggja fyrirtækja sem starfa á sömu mörkuðum. Báðir samrunaaðilar, Pizza pizza og G. Arnfjörð, reka staði sem selja pizzur í forgrunni og tengdar vörur að auki. Þá er hjá báðum aðilum mögulegt að fara á sölustaðinn og sækja mat eða fá hann sendan gegnum heimsendingaþjónustu. Ekki er um eiginlega veitingastaði að ræða, þar sem fólk sest almennt niður og borðar á staðnum, og er jafnvel þjónað til borðs. Samrunaaðilar eru báðir í rekstri skyndibitastaða og uppfylla sambærilegar þarfir neytenda. Annar samrunaaðila, Pizza-pizza, býr yfir töluvert hárrí markaðshlutdeild á heildarmarkaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði á Íslandi og má því ljóst vera að yrði sá heildarmarkaður greindur í undirmarkaði myndi markaðshlutdeild þess aðila á viðeigandi undirmarkaði hækka verulega. Hvað varðar mál þetta mun slík skilgreining þó ekki vera viðhöfð, heldur horft til heildarmarkaðarins líkt og áður hefur verið fjallað um. Þó skal nefnt að þau fordæmi sem fjallað hefur verið um binda Samkeppniseftirlitið ekki til framtíðar telji eftirlitið þörf á að skilgreina markaðinn í undirmarkaði síðar.

Samrunaaðilar telja að aðaláhrifa samrunans gæti á höfuðborgarsvæðinu þar sem samrunaaðilar sjálfir starfi aðallega á því svæði. Annar samrunaaðila, Pizza-pizza, rekur verslanir undir merkjum Domino's utan höfuðborgarsvæðisins þó aðallega stundi félagið rekstur á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess starfa tengdir aðilar að einhverju leyti utan höfuðborgarsvæðisins til viðbótar við starfsemi innan þess svæðis. Landfræðilegur markaður málsins sé því höfuðborgarsvæðið. Samkeppniseftirlitið sér ekki ástæðu til þess að vera ósammála þessu mati samrunaaðila í þessu máli.

Markaður máls þessa er markaður fyrir veitinga- og skyndibitastaði á höfuðborgarsvæðinu.

## **2. Áhrif samrunans**

Samrunaaðilar telja markaðshlutdeild sína á ofangreindum markaði ekki nema því marki að hún hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist. Þá telja samrunaaðilar að samruninn verði ekki til þess að raska samkeppni á markaði að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Rétt sé að líta til þess að mikil samkeppni ríki á umræddum markaði og litlar aðgangshindranir séu til staðar fyrir nýja aðila. Þá beri einnig að líta til þess að framboðsstaðgangur sé mikil.



Samrunaaðilar muni áfram starfa með nær óbreyttum hætti og telji, m.a. í ljósi þess, að ekki muni gæta teljandi áhrifa með samrunanum á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfi á, enda markaðshlutdeild G. Arnfjörð óveruleg og aðeins um að ræða yfirtöku á leigusamningi ásamt kaupum á búnaði vegna tveggja staða.

### III.

#### Niðurstaða

Líkt og greint hefur verið frá starfa samrunaaðilar og tengdir aðilar á sama markaði að hluta til. Þó eru ekki vísbendingar um að aðilarnir hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu á heildarmarkaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði á höfuðborgarsvæðinu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif hans þar af leiðandi óveruleg. Þá má taka undir það mat samrunaaðila að aðgangshindranir inn á þann heildarmarkað séu óverulegar og að samkeppni sé virk á honum.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

### IV.

#### Ákvörðunarorð

**„Kaup Pizza-pizza ehf. á hluta rekstrar G. Arnfjörð ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson